



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 16. apríl 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson oddviti, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. og 2. dagskrárlið.

Niels Guðmundsson endurskoðandi hjá Enor sat liðin undir 1. dagskrárlið.

Davíð Stefánsson og Olga Stefánsdóttir sátu fundinn undir 10. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bar upp tillögu þess efnis að breyting verði gerð á dagskrá og að *Fundargerð fræðslunefndar frá 3. apríl sl.* verði tekin fyrir undir 8. lið og *Herring Hotel staða verkefnis* verði tekið fyrir undir 10. lið. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2024 - fyrri umræða

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins vegna 2024 til fyrri umræðu. Niels Guðmundsson endurskoðandi kynnti endurskoðun ársreiknings fyrir A- og B- hluta sveitarfélagsins og fór yfir hestu niðurstöður og lykiltölur.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða með 5 atkvæðum að vísa ársreikningi til síðari umræðu.

2. Rekstraryfirlit jan-feb 2025 og framkvæmdayfirlit jan-mars 2025

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit jan-feb 2025 og framkvæmdayfirlit jan-mars 2025 sem verkefnastjóri fjármála og sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

3. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir ýmis málefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

4. Kosningar

Kosning nýrra fulltrúa

Lagðar eru til að eftirfarandi breytingar verði gerðar vegna fráfalls Hrefnu Daggar Þorsteinsdóttur sveitarstjórnarfulltrúa:

Vegna Tómsunda- og menningarmálanefndar

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir *formaður*

Telma Dögg Bjarnadóttir *varamaður*



Vegna Fræðslunefndar

Judith Maria Scheja *aðalmaður*

Erla María Lárusdóttir *varamaður*

Vegna ársþings SSNV

Arnar Ólafur Viggósson *aðalmaður*

Jón Ólafur Sigurjónsson *varamaður*

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum.

Oddviti lagði fram eftifarandi bókun: Með þakklæti minnumst við Hrefnu Daggar Þorsteinsdóttur. Hrefna sinnti störfum sínum af alúð, heilindum og ómetanlegri ábyrgðartilfinningu gagnvart samfélaginu sem hún elskaði og þjónaði af einlægni. Fjölskyldu, vinum og öllum þeim sem syrgja Hrefnu eru sendar innilegustu samúðarkveðjur.

5. Samstarfsverkefni Skagastrandar og Húnabyggðar

Fyrir fundinum lágu samningsdrög vegna samstarfsverkefna Sveitarfélagsins Skagastrandar og Húnabyggðar sem sveitarstjórn fór yfir og ræddi. Lagðar voru fram hugmyndir að breytingum er varða greiðsluþátttöku innan samningsins en voru samningsdrög samþykkt að öðru leyti eins og þau voru lögð fyrir með 5 greiddum atkvæðum.

6. Barnaból

- *Undanþágubeiðni – leikskóladvöl*

Fyrir fundinum lá undanþágubeiðni vegna leikskóladvalar en óskað er eftir undanþágu vegna aldurs en um áramót tóku gildi nýjar inntökureglur sem miða við að inntökualdur á leikskólann sé 12 mánaða nema sérstakar aðstæður krefji.

Undanþágubeiðnin var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með 5 greiddum atkvæðum á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

- *Breyting á samningi*

Í samningi milli Hjallastefnunnar og Sveitarfélagsins Skagastrandar er kveðið á um einingaverð á hvert dvalargildi í skólanum á hverjum tíma. Skólinn er lítill og gætir mikilla áhrifa þegar barn hættir eða nýtt bætist í hópinn. Húsnæði skólans gerir mönnun einnig þyngri en kjarnar barnanna liggja í sitthvorum enda hússins og samstarf á milli þeirra því ómögulegt. Fyrir fundinum lá erindi frá Hjallastefnunni þar sem lagt er til að einingaverð verði hækkað um 10% til að mæta auknum kostnaði. Sveitarstjórn ræddi framlagt erindi og fól sveitarstjóra að óska eftir frekari gögnum. Var afgreiðslu erindis frestað.

7. Sala fasteigna – Túnbraut 5

Fyrir fundinum lá afsal vegna sölu á Túnbraut 5 - íbúð 102 fnr. 2139049 sem lagt var fram til kynningar. Íbúðin var seld á 11,5 m.kr.

8. Fundargerð Fræðslunefndar dags. 3. apríl 2025

Fyrir fundinum lá fundargerð Fræðslunefndar frá 3. apríl 2025. Arnar Viggósson lýsti sig vanhæfan til að fjalla um efni fundargerðarinnar og vék af fundi.

Í fundargerðinni kemur fram að sveitarfélagið hafi samið við Ásgarð skólaráðgjöf um skólaþjónustu við starfsfólk leik- og grunnskóla og framkvæmd menntastefnu ríkisins. Hluti af þeim verkefnum sem falla undir samninginn snúa að því að útfæra úthlutunarmodel sveitarfélagsins um úthlutun á almennu náms- og kennslumagni annars vegar og stoðþjónustu hins vegar.



Í fundargerðinni kemur fram að framkvæmd hafi verið úttekt á kennslumagni skólans og að sé úthlutað samkvæmt viðmiðum í grunnskólum með samkennslu nemi grunnúthlutun á kennslumagni 180 kennslustundum.

Eftirfarandi bókun var lögð fram og samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum:

Lagt er til að fræðslunefnd úthluti kennslumagni í samræmi við viðmið um úthlutun í grunnskólum með samkennslu og kennslumagn nemi því 180 kennslustundum á komandi skólaári 2025/2026. Ráðgjöfum Ásgarðs verði falið í samráði við skólastjóra og deildarstjóra stoðþjónustu að taka tillit til sérþarfa, sérkennslu og annarra séraðstæðna fyrir næsta skólaár.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslunefndar.

Þá kemur fram í fundargerðinni að skv. úttekt Ásgarðs sé stjórnun við grunnskólann rífleg og að skoða þurfi leiðir til að endurskipuleggja stjórnunina. Starfandi sé skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu.

Eftirfarandi bókun var lögð fram og samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum:

Lagt er til að ráðgjöfum Ásgarðs ásamt sveitarstjóra verði falið að greina störf stjórnenda og leggja til skipulagsbreytingar. Rýna þarf verkefni skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra stoðþjónustu með tilliti til umfangs, verkefna og kennsluskyldu.

Sveitarstjóri upplýsti um að ráðist hefði verið í vinnu á grundvelli tillögu fræðslunefndar. Lagt var fram minnisblað sem byggir á þeirri greiningarvinnu sem var framkvæmd og borin upp tillaga þess efnis að staða aðstoðarskólastjóra við Höfðaskóla verði lögð niður. Markmið breytingarinnar er að styrkja faglega forystu skólastjóra, einfalda stjórnskipan skólans, stuðla að markvissari dreifingu ábyrgðar með skýrri faglegri forystu og nýta fjármuni á hagkvæmari hátt í þágu nemenda og skólasamfélagsins. Með því að einfalda stjórnkerfið verður ábyrgð og ákvarðanataka skýrari. Skólastjóri hefur beina yfirumsjón með starfsfólki og verkefnum og kemur nær daglegu skólastarfi. Lagt er til að staða aðstoðarskólastjóra verði lögð niður frá og með skólaárinu 2025–2026 og uppsögn á stjórnendabætti starfsins taki gildi frá og með maí 2025.

Í staðinn verði:

- Skólastjóri með formlega ábyrgð á öllum þáttum skólastarfsins og kennsluskylda skólastjóra verði felld niður með öllu.
- Verkefni og ábyrgð dreift með skýrum hætti til ritara og deildarstjóra stoðþjónustu þar sem við á og verkaskipting skráð niður með opinberum hætti.
- Verkefnateymi kennara verði nýtt vel til að styðja við lýðræðislegar ákvarðanir, starfsþróun og skólaþróun undir skýrri stjórn skólastjóra.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Tillaga um að leggja niður stöðu aðstoðarskólastjóra við Höfðaskóla var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með 4 greiddum atkvæðum.

Þá var í fundargerð lögð fram eftirfarandi tillaga sem samþykkt var með 4 greiddum atkvæðum:

Lagt er til að fræðslunefnd stofni vinnuhóp um fyrirkomulag úthlutunar á stoðþjónustu allra barna í sveitarfélaginu. Hópnun er ætlað að skila tillögu til fræðslunefndar fyrir 1. maí 2026. Í hópnun verði deildarstjóri stoðþjónustu grunnskólans og sérkennslustjóri leikskólans auk verkefnastjóra frá skólaráðgjafþjónustunni Ásgarði. Skólastjórnendur skólanna verði til samráðs



Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslunefndar.

Var fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Péturína Laufey Jakobsdóttir vék af fundi kl. 10:50.

9. Bréf

a. Magnús Ver Magnússon – Kraftamenn dags. 12. mars 2025

Efni: Vikingurinn 2025 styrkbeiðni

Með erindinu er óskað eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna mótsins *Vikingurinn*. Sveitarstjórn fór yfir erindið en hafnar styrkbeiðni.

b. Mennta- og barnamálaráðuneytið dags. 13. mars 2025

Efni: Fyrirlögn PISA 2025

Með erindinu þakkar mennta- og barnamálaráðuneytið fyrir góða samvinnu við grunnskóla og tengiliði við undirbúning fyrirlagnar PISA 2025 og óskað eftir áframhaldandi góðu samstarfi. Var erindið lagt fram til kynningar.

c. Christine Weinert dags. 13. mars 2025

Efni: Aksturskostnaður vegna sjúkraþjálfunar

Með erindinu óskar Christine Weinert sjúkraþjálfari eftir kostnaðarpátttöku frá sveitarfélaginu vegna aksturs frá Blönduósi til Skagastrandar til að sinna skjólstæðingum í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið telur sér ekki fært að verða við erindinu.

d. Brunarvarnasvið HMS dags. 19. mars 2025

Efni: Beiðni um samstarf við samræmda úttekt vatnsveitna á Íslandi

Lagt fram til kynningar.

e. Bjarmalands dags. 22. mars 2025

Efni: Refa- og minkaveiðar

Með erindinu eru lögð fram drög sem Bjarmaland félagsskapur atvinnuveiðimanna í ref- og mink hefur unnið að samræmdum samningum um greiðslur vegna refa- og minkaveiði. Var erindið lagt fram til kynningar.

f. SSNV og SSNE dags. 26. mars 2025

Efni: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Með erindinu er óskað eftir því að sveitarfélagið tilnefni tengilið vegna þeirrar vinnu sem framundan er vegna Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Guðbjörgu Evu Guðbjartsdóttur fyrir hönd sveitarfélagsins.

g. Styrktarsjóður EBÍ dags. 2. apríl 2025

Efni: Opið fyrir styrkumsóknir

Var sveitarstjóra falið að senda inn styrkumsókn.

10. Herring Hotel staða verkefnis

Fyrir fundinum lá erindi frá Fasteignafélaginu Þingeyri ehf. kt. 640222-2120 þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til að færa fasteignina Hafnarlóð 9 inn í félagið Herring Hotel ehf. kt. 601124-



0330, vegna fjármögnunar á hótalvelkefni í húsnæðinu. Davíð Stefánsson kom inn á fundinn til þess að fara yfir beiðnina, stöðu verkefnisins og framtíðarhorfur. Sveitarstjórn ræddi fram komið erindi og samþykkti með fjórum greiddum atkvæðum að fasteignin Hafnarlóð 9 F2139131 verði færð frá Fasteignafélaginu Þingeyri ehf. yfir í Herring Hotel ehf. Um réttindi og skyldur er m.a. vísað til eignayfirlýsingar sbr. þinglýst skjal 420-A-000457/2005 og lóðarleigusamnings sbr. þinglýst skjal 420-A-000270/2011. Önnur réttindi og skyldur fylgja til afsalshafa frá og með yfirfærslu fasteignarinnar milli félaga. Afsalshafi ber öll gjöld sem af þessum gjörningi kunna að hljóta og gilda sömu skilmálar um nýtt félag og koma fram í upprunalegu afsali sem undirritað var þann 1. júlí 2024.

11. Fundargerðir:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11. mars 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 14. mars 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 19. mars 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20. mars 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Stjórn Norðurár dags. 13. mars 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Stjórn SSNV dags. 18. mars 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Stjórn SSNV dags. 1. apríl 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fagráð í málefnum fatlaðs fólks dags. 31. mars 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Stjórn Hafnasambands Íslands dags. 19. febrúar 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Stjórn Hafnasambands Íslands dags. 28. mars 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

12. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:06

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Halldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir